

Alþingi
Erindi nr. P 127/2034
komudagur 18.4.2002

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson ritari

Efni: **Athugasemdir við frumvarp til breytinga á lyfjalögum, mál 601**

Óskast lagt fram á kvöldfundi nefndarinnar 18. apríl

Undirritaðir, f.h. Lyfjavers ehf, vilja benda nefndinni á að ef 4 gr. laganna er breytt eins og frumvarpið gerir ráð fyrir er jafnframt nauðsynlegt að breyta 8. gr.

Í 8. gr. þarf að bæta við í upptalningu að heimilt sé að binda veitingu markaðsleyfis lyfs við notkun eingöngu fyrir vélskömmun lyfja. Sambærilegt ákvæði er í sænskum lyfjalögum þar sem vélskömmun er útbreiddust í Evrópu (sjá afrit úr sænsku lyfjaverðskránni).

Ef þetta er ekki gert er marklaust að bæta vélskömmun lyfja inn í upptalninguna í 4.gr.


Okkur virðist að betur hefði mátt standa að undirbúningi þessa ákvæðis í frumvarpinu. Lyfjaver er frumkvöðull vélskömmunar lyfja á Íslandi og hefur fyrirtækið vaxið hratt frá stofnun. Í dag vélskammtar Lyfjaver lyf fyrir 2.600 einstaklinga sem eru íbúar á dvalar- og hjúkrunarheimilum, íbúar sambýla fatlaðra, skjólstæðingar heimahjúkrunar og viðskiptavinir apóteka.

Við hörmum það að flytjendur frumvarpsins skuli ekki hafa sent okkur frumvarpið til umsagnar en við fréttum fyrst af því þegar við lásum frétt um það í Morgunblaðinu þann 16. apríl s.l.


Undirritaðir eru tilbúnir að mæta á fund nefndarinnar með litlum fyrirvara til að skýra þetta mál frekar og viljum jafnframt bjóða nefndinni í heimsókn í fyrirtækið svo nefndarmenn geti kynnt sér starfsemina.

Reykjavík 18.04 2002

Virðingarfyllst,
eigendur Lyfjavers


Bessi Gíslason, lyfjafræðingur


Magnús M. Steinþórsson, tölvunarfræðingur


Aðalsteinn Steinþórsson, viðskiptafræðingur



TÖLVUSTÝRÐ LYFJASKÖMMTUN
LYFJAVER EHF. SUDURLANDSBRAUT 22, 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 533 6100. BRÉFSÍMI: 533 6102. NETFANG: LYFJAVER@LYFJAVER.IS

